

Miðvikudaginn 27. júní 1984.

Nr. 106/1984. **María Magnúsdóttir**

gegn

Elínbjörgu Eggertsdóttir,

Heimi Jenssyni og

Árna Jenssyni og

Póroddi Skaftasyni og

John W. Sewell til réttargæslu.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Stefnuhættir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr. 1. mgr. b laga nr. 75/1973 með kæru, dagsettri 21. maí 1984, er barst Hæstarétti 29 s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljanna Elínbjargar, Heimis og Árna.

Varnaraðiljar Elínbjörg, Heimir og Árni krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Af hálfu réttargæslustefndu í héraði eru engar kröfur hafðar uppi í málinu, og sóknaraðili gerir engar kröfur í máli þessu á hendur þeim.

Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi um málatilbúnað sóknaraðilja að því er stefnuhætti varðar, þykir ekki verða komist hjá að staðfesta hann um frávísun frá héraðsdómi á öllum kröfum sóknaraðilja gegn varnaraðiljum, sbr. stefnur útgefnar 24. júní og 28. september 1983.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljunum Elínbjörgu, Heimi og Árna kærumálskostnað, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, María Magnúsdóttir, greiði varnaraðiljum Elín-

björgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssýni og Árna Jenssýni 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. apríl sl., hefur María Magnúsdóttir, Lindarbraut 45, Seltjarnarnesi, nnr. 6442-9678, höfað með stefnu, birtri 25. júní 1983, á hendur þeim Þóroddi Skaftasýni, nnr. 9714-5814, Æsufelli 4, Reykjavík, og John W. Sewell, nnr. 5181-2255, Karlagötu 13, Reykjavík, til réttargæslu og með sakaukastefnu, framlagðri í dóm 6. október 1983, á hendur Elínbjörgu Eggertsdóttur, nnr. 1988-3280, áður til heimilis Lafuásvegi 20, Reykjavík, nú til heimilis að Þórsgötu 7, Reykjavík, Heimi Jenssýni, nnr. 3870-6896, áður til heimilis að Efstasundi 81, Reykjavík, nú til heimilis að Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi, og Árna Jenssýni, nnr. 0522-6139, Hraunbrún 28, Hafnarfirði.

Með meðalgöngustefnu, birtri 29.11. 1983 og 8.12. 1983, hafa John W. Sewell og Þóroddur Skaftason höfðað meðalgöngumál á hendur stefnanda, Maríu Magnúsdóttur, og sakaukastefndu Elínbjörgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssýni og Árna Jenssýni.

Stefnandi gerir þær kröfur gegn stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna, að staðfest verði riftun hennar sumarið 1982 á samningi hennar við þau, dags. 1. október 1980, um kaup á Veltusundi 3B, Reykjavík, og jafnframt verði staðfestur óskoraður eignarréttur hennar á fasteigninni Veltusundi 3B, Reykjavík. Hún gerir ekki kröfur á hendur réttargæslustefndu í málinu.

Kröfur stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins, til vara að kröfum stefnanda verði synjað og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Kröfur meðalgöngustefndu, John W. Sewell og Þórodds Skaftasonar, eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra á húseigninni nr. 3B við Veltusund í Reykjavík ásamt tilheyrandi eignarlóð og öllu því, sem eigninni fylgir og fylgja ber. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngu-stefndu. Þá er þess krafist, að meðalgöngustefndum verði leyfð meðalgang-
an við þingfestingu meðalgöngusakar og málið verði rekið sem eitt og sama málið.

Kröfur stefnanda, Maríu Magnúsdóttur, í meðalgöngusök, eru þær aðal-
lega, að ekki verði leyfð sameining meðalgöngusakar við aðalmál Maríu
gegn Elínbjörgu, Árna og Heimi, sem stefnandi telur þingfest 30. júní 1983.
Þá krefst hann þess, að kröfu Johns og Þórodds um sameiningu nefndra
mála verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist, að stefnandi María verði

sýknuð af kröfum Johns og Þórodds í meðalgöngusakarmálinu um, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að húseigninni nr. 3B við Veltusund í Reykjavík og þeim verði gert að greiða henni málskostnað í meðalgöngusakarmálinu eftir mati réttarins.

Kröfur stefndu Elínbjargar, Árna og Heimis í meðalgöngusök eru þær, að fallist verði á kröfu meðalgöngustefnenda gegn því, að þeir efni þann samning, sem þeir hafi gert við þau, og greiði eftirstöðvar kaupverðsins til Maríu Magnúsdóttur. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnenda.

— — —

Álit dómsins.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. júní 1983, á hendur réttargæslustefndu, Þóroddi Skaftasyni og John W. Sewell, og þingfest 30. júní 1983. Stefnanda tókst hins vegar ekki að fá birta stefnu á hendur stefndu Elínbjörgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssyni og Árna Jenssyni, enda þótt það hafi verið ætlun hans. Hann höfðaði því sakaukamál á hendur þeim með stefnu, framlagðri í dóm 6. október 1983, og var þá mætt af þeirra hálfu. Stefndu skila greinargerð þann 8. desember 1983 og mótmæla þá, að þeim verði stefnt inn í málið skv. 48. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 47. gr. sömu laga.

Í 48. gr. segir: „Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til *sakar ásamt þeim*, er hann hefir þegar stefnt, og er það því aðeins heimilt, að skilyrðum 1. málsg. 47. gr. sé fullnægt, enda hafi sækjanda eigi verið unnt að stefna hinum nýja aðilja áður en mál var þingfest, og verði honum ekki heldur um það kennt.“

Í 47. gr., 1. mgr., sbr. lög nr. 28/1981, segir:

„Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, *ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar*. Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar.“

Af hálfu stefnanda eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefndu. Þannig var upphafleg málshöfðun hans í andstöðu við 67. gr. laga 85/1936, og þess vegna er einnig ljóst, að framhaldsstefna hans uppfyllir ekki kröfur 48. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 47. gr., 1. mgr., sömu laga, sbr. lög nr. 28/1981. Verður þannig ekki aðeins að vísa sakaukamálinu frá dómi að kröfu stefndu, heldur öllum málatilbúnaði stefnanda.

Með dómi Hæstaréttar frá 27. maí 1983 var máli milli sömu aðilja um sama sakarefni vísað frá dómi, þar sem á þótti skorta, að skýr afstaða væri tekin af hálfu stefnanda til veigamikilla atriða, sem varða heimild hennar til riftunar samnings hennar við stefndu.

Mál þetta var höfðað af stefnanda á hendur stefndu og Þóroddi Skafta-

syni og John Sewell, sem hér er stefnt til réttargæslu, til staðfestingar á eignarrétti stefnanda á fasteigninni Veltusundi 3B, Reykjavík. Stefnandi gerir hér þær breytingar einar á málalíbúnaði sínum, að stefna Þóroddi og John til réttargæslu og að krefjast riftunar auk staðfestingar á eignarrétti. Í málinu skortir því enn á, að stefnandi taki skýra afstöðu til veigamikilla atriða varðandi heimild hennar til riftunar. Í málavaxtalýsingu er slegið úr og í um veruleg atriði. Á skortir í kröfugerð að tímasetja meinta riftun stefnanda gagnvart stefndu. Í sóknargögnum er ekki tekin skýr afstaða til þess, hverjir sáu um hvað varðandi viðskipti þessi og hvert var umboð þeirra, þar á meðal til að taka við greiðslum og semja um breytingar á samningum f.h. stefnanda, en ljóst er, að hún hefur ekki sjálf séð um samningsgerð og viðtöku greiðslna. Þá skortir á skýra afstöðu til þess, hvort stefnandi var tilbúinn til að gefa út afsal samkvæmt samningi 1. október 1980, þann 30. september 1981 og ef ekki, hvers vegna.

Þannig ber einnig af þessum ástæðum að fallast á kröfu sakaukastefndu um frávisun málsins.

Afstaða hefur hér ekki verið tekin til meðalgöngusakar, en stefnandi hefur krafist frávisunar hluta hennar. Rétt þykir að taka þá kröfu sérstaklega til meðferðar og gefa aðiljum tækifæri til að tjá sig um þá kröfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Frávisunarkrafa sakaukastefndu á sakaraukanum er tekin til greina. Málalíbúnaði stefnanda samkvæmt upphaflegu málshöfðuninni er vísað frá sjálfkrafa.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Meðalgöngusökin verður tekin fyrir sérstaklega.